



317. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 17. desember 2021 kl. 11:30.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Mættir á Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Olga Bjarnadóttir.

Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson og Valdimar Leó Friðriksson.

Forseti bauð fundarmenn velkomna til fundar.

Aðeins eitt mál var á dagskrá fundarins, ráðning framkvæmdastjóra ÍSÍ.

Dagskrá:

1. Ráðning framkvæmdastjóra ÍSÍ

Forseti skýrði frá því að nú væri svo komið, eftir seinni yfirferð umsókna um stöðu framkvæmdastjóra ÍSÍ, að valið stendur um tvo umsækjendur. Farið var yfir rökstuðning Hagvangs og mat á umsækjendunum.

Forseti skýrði frá því að hann, 1. varaforseti og gjaldkeri hafi settið viðtölin við þá níu umsækjendur sem stóðu eftir að lokinni fyrstu yfirferð og að Knútur G. Hauksson hafi einnig verið viðstaddur flest þeirra.

Forseti sagði niðurstöðu Hagvangs vera afgerandi á þá veru að Hagvangur mælir með Andra Stefánssyni, starfandi framkvæmdastjóra í stöðu framkvæmdastjóra. Embættismenn stjórnar eru sammála niðurstöðu Hagvangs.

Almennar umræður urðu um ráðningarferlið.

Fundarmenn lýstu sig sammála niðurstöðu Hagvangs.

Forseta og gjaldkera falið að ganga til samninga við Andra um stöðuna.

2. Önnur mál

Skipulagsmál

Gjaldkeri skýrði frá því að fyrirhugað væri að halda vinnufund stjórnar um skipulagsmál í janúar nk. Þar verði mátaðar nokkrar sviðsmyndir af framtíðarskipulagi ÍSÍ. Fagaðili verður fenginn til að leiða vinnufundinn.

Fram kom hjá fundarmönnum að tímabært sé að endurskoða skipulag og skipurit ÍSÍ.

Umræður urðu um sýnileika ÍSÍ út á við og þjónustuþætti.

Forseti óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla en minnti jafnframt á að mögulega þyrfti að kalla saman fund síðar í mánuðinum vegna afreksmála.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir